



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. **P 136/1258**  
komudagur 17.3.2009

18.3.2009

**Efni: Umsögu um frumvarp til laga um stofnun hlutafélags til að stuðla að endurskipulagningu þjóðhagslega mikilvægra atvinnufyrirtækja, þingmál 411.**

Með frumvarpi þessu er óskað heimildar til handa fjármálaráðherra til þess að stofna eignaumsýslufélag sem sjái um að eiga, endurskipuleggja og að lokum selja þjóðhagslega mikilvæg atvinnufyrirtæki sem komin eru í rekstrarerfiðleika. Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar um endurreisn fjármálakerfisins, undir forystu Mats Josefsson, sem lagðar voru fram 11. febrúar 2008 og var það samþykkt í ríkisstjórn 10. mars.

Í tillögum nefndarinnar um endurreisn fjármálakerfisins er jafnframt gengið út frá því að ríkið eigi bankana og að stjórnendur þeirra hafi það hlutverk að koma stefnumótum ríkisstjórnarinnar í framkvæmd.

Landssamtök íslenskra útvegsmanna, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samtök verzlunar og þjónustu eru mótfallin þessum áformum og mæla eindregið gegn samþykkt frumvarpsins. Þessi áform ganga í meginatriðum gegn þeirri stofnu sem mótuð var í samráði milli Samtaka atvinnulífsins og aðildarfélaga þess, Alþýðusambands Íslands og fleiri hagsmunaaðila og fyrri ríkisstjórnar og birtist í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 2. desember 2008 um aðgerðir í þágu fyrirtækja.

Í þeim tillögum sem mótaðar voru á vettvangi Samtaka atvinnulífsins í kjölfar hruns bankanna var m.a. hvatt til þess að bankarnir settu sér skýrar viðmiðunarreglur um vinnubrögð við uppstokkun fyrirtækja. Haft var náð samráð við Samkeppniseftirlitið um málið og stofnunin gaf þann 12. nóvember út sérstakar leiðbeiningar til bankanna sem byggðu á niðurstöðum úr samvinnu og samráði allra aðila (álit nr. 3/2008). Lykilatriði í þeim tillögum var að bankarnir skyldu stofna sérstök opin umsýslufélög vegna eignarhalds á fyrirtækjum til þess að tryggja aðskilnað milli hlutverks banka sem eiganda annars vegar og viðskiptabanka hins vegar. Mikil áhersla var lögð á að tryggja að samkeppni gæti haldist í atvinnulífinu og að eignarhald bankanna skapaði ekki tortryggni um mismunun milli viðskiptavina.

Ennfremur þróaðist sú hugmynd að lífeyrissjóðirnir settu á laggirnar sérstakan endurreisnarsjóð, Fjárfestingarfélag Íslands, til þess að koma að uppbyggingu atvinnulífsins. Sjóðurinn gæti orðið öflugur samstarfsaðili við umsýslufélög bankanna og tekið virkan þátt í endurreisn hlutabréfamarkaðarins með því að leggja áherslu á fagmennsku, öguð vinnubrögð og góða stjórnarhætti í atvinnulífinu. Í framhaldinu var gerð breyting á lífeyrissjóðalögunum til þess að gera lífeyrissjóðunum kleift að stofna slíkan sjóð.

Tillögur þessa frumvarps ganga þvert á framangreindar hugmyndir um að dreifa sem mest eignarhaldi á fyrirtækjum miðað við þá þröngu stöðu sem upp er komin og leggja drög að nýrri uppbyggingu á virkum og trúverðugum hlutabréfamarkaði sem er algjör nauðsyn fyrir öflugt atvinnulíf. Samkeppnissjónarmið eru ekki í forgrunni og engin áform um uppbyggingu hlutabréfamarkaðar.


Aðsetur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Sími:  
591 00 00

Bréfsími:  
591 00 50

Netfang:  
sa@sa.is

Vefang:  
www.sa.is

  
Jón Steindór Valdimarsson,  
Samkvæmndastjórn SJ

  
Andrés Magnússon,  
Fránkvæmndastjórn SVP

Adreskur:  
Borgartún 35  
105 Reykjavík

Stærð:  
591 00 00

Búðastærð:  
591 00 50

Netfang:  
so@so.is

Vefbætur:  
www.sos.is





SANTOK ATVINNULÍFSINS

Vafi heikar á því að hinar tugu ríkisskólar munu geta þýtt að atvinnulífnum með viðunandi hætti á næstunni og því hvort atvinnulíf og heilnæmi geri tengt allgönguþingun fjárfundaráskjana. Seðlar hafa verið fránn tilfögr um að bankarnir þyrftu að komast í eigna kvifáttakanna, erlendirá sem innleidda, sem hefðu síð og metnað til þess að þjóna ískenskun viðskiptavinum. Með ríkið sem eiganda að bankunum og þar með afar takmarkaðan aðgang að erlendir lánsfé væri hlægt að lánsafríð myndi þeirfa að afskriftar að meira eða minna leyri með tilheyrendi gjaldþrotum og erfðaleikun. Eftir því sem tíminn hefur líðið hefur það er betur komið í ljóe að ríkisskólakráðin er ófar og mun lengja og dýpla niðurvæðinna verulega verði hún farin. Í yfirlýsingu ríkissjórnarinnar frá 2. desember var hins vegar lýst yfir vilja til þess að greiða fyrir uppgjöfri við erlenda krifáttak með því að bjóða þeim hlutabréf í bankunum í því skyni að tryggja endurfjærngun þeirra.

Þetta frumvarp, og tillöggarar sem það byggir á, er unnið frá samráði við samtökin og á skýlin við stefnu þeirra. Samtökin telja að sú stefna sem í frumvarpinu felst munu geta framfærgt erfðaleikana í atvinnulífnum um nórg áf.

Virðingarfyllt,

*Þórunn D. Þórunn*

Frkveit J. Arngrímsson,  
frankværendastjóri LÍU

*Willi Þ. Þórunn*

Villjaldur Egilsson,  
frankværendastjóri SA